

Lungnapest í sauðfé

Lungnapest er alvarlegur sjúkdómur í sauðfé, smitandi lungnabólga með drepri í frambliðum lungnanna og brjóst-himnubólgu. Sjúkdómssvaldar eru sk. pasteurellabakteríur, Pasteurella multocida, Mannheimia haemolytica og Bibersteinia trehalosis. Þær geta einnig valdið jógurbólgu í ám, sýkingum í unglömbum og bráðadaða (blóðeitrun) í haustlömbum. Þessar bakteríur eru hluti af bakteríuflóru í efri hluta öndunarvegjar jörturdýra og alla jafna ekki til vandræða, en við vissar umhverfisaðstæður getur blossað upp sjúkdómur í hjörðum og orðið að skæðum faraldri. Streita er talin mikilvægasta orsök, svo sem mikill kuldi (t.d. eftir rúning) eða mikill hiti, fóðurbreytingar eða slök fóður, þrængsli, raki eða léleg loftræsting. Sjúkdómseinkenni koma oft fram 10-14 dögum eftir álag. Í upphafi lungnapestarfaraldurs drepast kindur stundum skyndilega en einkenni meðal þeirra sem síðar veikjast er oft sár kæfður hósti vegna brjósthimnubólgu, andnaud eða mæði, hár hiti (40-41°C), deyfð og lystarleysi. Oft sést rennsli frá nös-

um og augum, undir lokin má sjá froðu í kjaftinum. Margar kindur fá drep í lungu og eru lengi að ná sér. Langvarandi einkenni er hósti og einstaka gripir hætta að fóðrast og dragast upp. Góður aðbúnaður og fóðrun eru mikilvæg fyrir bata.

Lungnapest er vetrarsjúkdómur á Íslandi sem kemur yfirleitt upp frá nóvembermánuði fram í mars. Tilraunastöð Háskólans á Keldum annast framleiðslu bóluefnis sem slær á sýkinguna. Svo virðist sem stofnar séu mismunandi eftir landsvæðum og er þess vegna mjög mikilvægt að fá inn til greiningar líffæri úr kindum sem drepast svo hægt sé að sér-sníða bóluefnið. Penicillin og önnur sýklalyf vinna vel á þessum bakteríum, en skemmdir í lungum gera batann oft hægdir.

Staðan undir Eyjafjöllum og í Mýrdal

Lungnapest var undir Eyjafjöllum snemma á níunda áratugnum. Bólusetur var í nokkur ár og ekki er að sjá að lungnapest hafi verið til vandræða síðan.

Milli jóla og nýárs drápu kindur undir V-Eyjafjöllum og í Sólheima-



Sauðfé Lungnapest er vetrarsjúkdómur á Íslandi sem kemur yfirleitt upp frá nóvembermánuði fram í mars.

hverfinu. Síðan hefur nokkuð drepist af fé víðar á svæðinu og kindur hósta á mörgum bæjum. Við rannsóknir á Keldum hefur komið í ljós að um lungnapest er að ræða. Þessi lungnapest kemur á þekktum árstíma, upp úr hústöku og fengitíð.



Morgunblaðið/RAX

Kuldakast og hvasst var á þessum tíma, sömuleiðis mikið öskufjúk. Nú er bóluefni tilbúið á Keldum, sér-sniðið að þeim bakteríum sem greinst hafa í innsendum líffærum.

Bændum hefur verið ráðlagt að bólusetja féð, kostnaður við bólu-

setningu er ekki mikill. Ef allir standa saman um bólusetningu má koma í veg fyrir að mikið tjón verði á svæðinu.

Katrín H. Andrésdóttir, héraðs-dýralæknir hjá Matvælastofnun